

Hverfisráð Hríseyjar

157. fundur

Priðjudaginn 1. nóvember 2022 kl. 18:00 var haldinn 157. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Ingólfur Sigfússon, Narfi Freyr Narfason og Friðrik Úlfar Ingimarsson.

Undir lið 1 sátu fundinn Anton Steinarsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Þröstur Jóhannesson fyrir hönd Andeyjar ehf sem er núverandi rekstraraðili Hríseyjarferjunnar.

Dagskrá:

1. Útboð ferjunnar

Fundur með Andey ehf, rekstraraðilum Hríseyjarferjunnar, sem lýstu miklum áhyggjum yfir nýauglýstum útboðsgögnum fyrir rekstur Hríseyjarferjunnar frá Vegagerðinni en tilboðsfrestur er til 29. nóvember. Farið yfir staðreyndir málsins.

Hverfisráð bókar eftirfarandi:

Í útboði fyrir rekstur Hríseyjarferjunnar 2023-2025 er boðuð fækkun á heildarfjölda ferða yfir árið auk þess sem Vegagerðin „*áskilur sér rétt til að fjölga/fækka ferðum um +/- 20% á samningstíma*“. Einnig er stjórnvöldum heimilt að „*fækka eða fjölga ferðum eða segja upp einstaka leið með 6 mánaða fyrirvara.*“ Vetraráætlun gerir ráð fyrir 6-8 ferðum daglega en sumaráætlun 8-10 ferðum, samtals 2.840 ferðir á ári.

Til að halda núverandi áætlun óbreytti þarf um 2.840 ferðir á ári í grunnáætlun en þar að auki um 360 upphringiferðir sem aðeins eru farnar ef pantað er fyrirfram. Almenn sátt ríkir um núverandi áætlun og getur breyting á áætlun eða fækkun ferða haft veruleg áhrif á skilyrði til búsetu í Hrísey. Niðurfelling á ákveðnum ferðum getur haft þau áhrif að ómögulegt yrði fyrir íbúa að sækja atvinnu í landi ásamt takmörkun á möguleikum íbúa að stunda félagsstarf, íþróttastarf, sækja menningarviðburði svo eitthvað sé nefnt. Ferjan er okkar þjóðvegur sem þarf að vera opin með tíðum og öruggum ferjusiglingum.

Hverfisráð Hríseyjar fer fram á að ferjuáætlun muni standa óbreytt með möguleika á upphringiferðum líkt og verið hefur og að réttur Vegagerðarinnar til að fjölga eða fækka ferðum um +/- 20% á samningstíma verði tekið úr útboðinu. Ef fækka ætti ferðum enn frekar liggur fyrir að lítill sparnaður felst í því að fella út ferðir í miðri áætlun. Ef stytta ætti viðveru áhafnar ferjunnar og taka út fyrstu ferð að morgni (7 ferð) eða síðustu ferð að kvöldi (23 ferð) útilokar það möguleika marga íbúa að sækja atvinnu í land. Við samþykkingum því ekki að í kjölfar þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér stað í Hrísey undanfarin ár verði ferðum ferjunnar fækkað. Á árunum 2015-2019 var Hrísey í verkefni Byggðastofnunar *Brothættar byggðir* þar sem fyrsta megin starfsmarkmið var *Aðlaðandi og aðgengilegt eyjarsamfélag*. Í Framtíðarsýn 2018 kemur fram að *Siglingar skapa sérstöðu eyjarsamfélagsins en tekist hefur að miða þær að þörfum notenda þannig að eyjan er hluti af sameiginlegu atvinnusvæði Eyjafjarðar*. Við kærum okkur ekki um að þessari framtíðarsýn verði kastað á glæ með fækkun ferða og skerðingu á þjónustu.

Í kjölfar Brothættra byggða verkefnisins hafa Hríseyingar sótt um og fengið styrkveitingar frá ríkinu til að vinna að áframhaldandi uppbyggingu í eyjunni og einnig fengið stuðning frá Akureyrarbæ. Má þar nefna styrk frá Fjarskiptasjóði vegna lagningu stofnstrengs ljósleiðara, nýlegan styrk fyrir *Áfram Hrísey* verkefnið frá innanríkisráðuneytinu og styrki frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu vegna verslunar í strjálbýli til Hríseyjarbúðarinnar. Fækkun ferjuferða gerir okkur mun erfiðara fyrir að vinna að uppbyggingu eyjarinnar og er óskiljanlegt ef starfsmenn á skrifstofu Vegagerðarinnar í Garðabæ geta haft slíkt áhrif, þvert gegn fyrri velvilja ríkisins varðandi uppbyggingu í Hrísey.

Gerum við einnig athugasemd við að í útboðsgögnum er ferjuáætlun ekki skilgreind heldur skal hún unnin af rekstraraðila og samþykkt af Vegagerðinni. Teljum við fráleitt að það sé á valdi rekstraraðila að ákveða hvaða ferðir eru farnar. Þá er ekki tekið skýrt fram að heimahöfn ferjunnar skuli ávallt vera í Hrísey sem er afar mikilvægt vegna sjúkraflutninga og viðbragðstíma að koma sjúklingum frá Hrísey. Ekki kemur fram að áhöfn ferjunnar þurfi að sinna bakvakt vegna sjúkraflutninga allan sólarhringinn. Þá er sérkennilegt er að leiguskip sem Vegagerðin mun útvega í tilfellum þegar ferjan Sævar þarf að fara í slíptöku eigi *einungis að hafa leyfi til farþegaflutninga fyrir a.m.k. 25 farþega*.

2. Hleðslustöðvar á Árskógssandi

Svör hafa borist frá Vistorku og Ísorku. Finna þarf út hver myndi fjármagna stofnkostnað við hleðslustöð á bílastæðinu við ferjubryggju á Árskógssandi. Munum við bæta því inn í umræðu á væntanlegum fundi varðandi bílastæðamál á Árskógssandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.

Ingólfur Sigfússon
Narfi Freyr Narfason
Friðrik Úlfar Ingimarsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon